

BORGARRÁÐ 22. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflakks um verkefnið Hagkvæmt húsnæði - R190800153

Í umfjöllun um verkefnið Hagkvæmt húsnæði hefur komið fram að takmörk séu á því hversu mikið verð íbúðanna getur hækkað. Í samningum á milli Reykjavíkurborgar og þeirra sem fá lóðarvilyrði vegna verkefnisins um hagkvæmt húsnæði kemur fram að seljist íbúð ekki til forgangshópsins (einstaklingar 18-40 ára, þar sem þeir ganga fyrir sem eru að kaupa sínu fyrstu íbúð) innan þriggja vikna frá auglýsingu í fjölmiðlum (þ.m.t. vefmiðla) er heimilt að selja hana á almennum markaði. Ef það kæmi til þess yrðu íbúðirnar þá seldar úr kerfinu um hagkvæmt húsnæði á markaðsverði? Eða yrði verð íbúðinna takmarkað við ákveðnar upphæðir?